

BORGARRÁÐ 29. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um kröfur vegna veitingu styrkja til skemmtistaða varðandi réttindi starfsfólks - R19080209

Í nýlegu tölublaði fréttablaðsins er fjallað um stuðning til minni tónleikastaða sem er frábært og af hinu góða en við hliðina á þeirri frétt er frétt um ný útkomna skýrslu ASÍ um brotastarfsemi á vinnumarkaði þar sem rætt er um að helmingur krafna sem stéttafélögin gera fyrir hönd vinnandi fólks komi úr hótél-, veitinga- og ferðaþjónustu. Hvað ætlar Reykjavíkurborg að gera til þess að tryggja að þeir staðir sem fá styrki virði að öllu leyti réttindi starfsmanna sinna?